

Eineltisáætlun Krikaskóli

ÁÆTLUN GEGN EINELTI OG OFBELDI

Stefnuyfirlýsing

Skólasamfélag Krikaskóla lýsir því yfir að hvorki einelti né annað ofbeldi verður liðið í skólanum. Leitað verður allra ráða til að fyrirbyggja einelti og ofbeldi og til að leysa þau mál sem upp koma á farsælan hátt.

Skilgreining á einelti

Einelti er endurtekin áreitni eða ofbeldi, líkamlegt eða andlegt, sem stýrt er af einstaklingi eða hópi sem beinist að einstaklingi sem ekki tekst að verja sig. Líkamlegt einelti getur verið barsmíðar, spörk, hrindingar eða meiðingar af öðru tagi. Andlegt einelti felst í stríðni, útilokun, hótunum eða höfnun.

Einstaklingur er lagður í einelti þegar honum líður illa vegna þess að hann verður fyrir:

1. Stríðni
2. Hótunum
3. Útilokun
4. Endurteknu líkamlegu ofbeldi
5. Annarri niðurlægjandi áreitni

Ofbeldi er vísvitandi meiðandi hegðun þar sem einstaklingur eða hópur beitir valdi til að meiða eða niðurlægja aðra. Einstakt ofbeldisatvik getur verið merki um að sá sem fyrir ofbeldinu verður hafi verið lagður í einelti.

Tilkynna skal grun á einelti til skólastjórnenda eða umsjónarkennarar/deildarstjóra Krikaskóla án tafar. Netföng viðkomandi er að finna á heimasíðu skólans.

Fyrirbyggjandi aðgerðir og viðbrögð:

Börnin

- Einelti og ofbeldi leyfist ekki. Rætt skal við barnahópinn í lífsleikni og hreiðurtímum og hugtök útskýrð eftir aldri og þroska barnanna.
- Börnum séu markvisst kennd góð samskipti. Lögð sé áhersla á að börnin séu skólasystkini og eigi að koma vel fram hvert við annað og að ekki megi skilja útundan

eða stríða. Bekkjasáttmálar - skólareglur gerðir í upphafi skólaárs og endurskoðaðir ef þurfa þykir.

- Öll börnin taki þátt í umræðu um þær samskiptareglur sem í gildi eru hverju sinni.
- Börnunum sé kennt að þegar ágreiningur kemur upp þeirra á milli sé rétt að ræða málin og reyna að komast að málamiðlun og fá aðstoð til þess hjá fullorðnum ef á þarf að halda. Bekkjarfundir haldnir eins og þörf krefur.
- Staldra skal við og nýta ágreining barna sem tækifæri til að efla samskiptafærni þeirra.
- Börnum skal kennt að virða fundarsköp, tala þegar þau eiga orðið og hlusta á aðra.
- Börnin séu hvött til að láta vita ef þau eða aðrir verða fyrir einelti eða ofbeldi, öllum á að geta liðið vel í skólanum og njóta virðingar sem einstaklingar. Gera þarf börnunum grein fyrir því að þau eru ekki að klaga ef þau segja frá því að einhverjum líði illa vegna eineltis eða annars ofbeldis.
- Börnin séu hvött til að taka afstöðu gegn einelti og ofbeldi í verki með því að bregðast við til hjálpar og láta vita. Einnig er mikilvægt að gera börnunum grein fyrir því að það að skilja útundan og hunsa er jafnmikið einelti og að hæðast að eða berjja.

Foreldrar

Allir foreldrar/forráðamenn fá upplýsingar um stefnu skólans í eineltis- og ofbeldismálum og séu hvattir til að leggja skólanum lið.

Foreldrar séu beðnir að láta börn sín vita að þeir styðji stefnu skólans og vilji hvorki að þau séu lögð í einelti, leggi aðra í einelti né séu áhorfendur að einelti eða ofbeldi.

- Foreldrar geta best stutt stefnu skólans með því að kenna börnum sínum að bera virðingu fyrir öðru fólki og hvetja þau til góðra samskipta við skólafélaga sína.
- Foreldrar hvetji börn sín til að láta vita ef þeim eða öðrum líður illa og séu tilbúnir til að hlusta á þau og veita þeim stuðning.
- Foreldrar hafi samband við skólastjónendur, og eða umsjónarkennara, ef þeir fá grun um einelti eða ofbeldi í skólanum.

Skólastjóri sjái um að árlega fari fram fræðsla og umræða um stefnu skólans í eineltis- og ofbeldismálum.

Starfsmenn

Starfsmenn sinni öllum börnum í skólanum óháð aldri og láta sig varða líðan þeirra í leik og starfi.

Allir starfsmenn séu vakandi fyrir því að einelti og ofbeldi geti komið upp í skólanum og séu tilbúnir til að bregðast strax við ef þeir verða vitni að slíku. Þeir þekki reglur skólans og leiti sér aðstoðar samstarfsfólks ef þarf.

Umsjónarkennarar/kennarar leggi áherslu á góðan bekkjaranda og brýni fyrir börnunum að einelti og ofbeldi leyfist ekki í skólanum. Tryggja að gerðir verði bekkjarsáttmálar í upphafi hvers skólaárs og kynna fyrir þeim gildi skólans og skólareglur. Jafnframt sé lögð áhersla á samkennd barnanna og að þau eigi að láta vita ef þeim sjálfum eða öðrum líður illa. Unnið skal að því að börnin geri sér grein fyrir þeim sáru afleiðingum sem meiðandi framkoma hefur og þeir hvattir til að setja sig í spor annarra.

Starfsfólk þarf að vera tilbúið að hlusta á börnin og börnin verða að geta treyst því að þeir geti talað við starfsfólk í trúnaði og njóti nafnleyndar. Trúnaður er í flestum tilfellum forsenda þess að nemendur láti vita af einelti og/eða ofbeldi. Hafa verður þó í huga tilkynningarskyldu samkvæmt 17. grein barnaverndarlaga „Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart. [...] Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur frammar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.“

Þegar foreldrar eða börn snúa sér til starfsfólks vegna eineltis- eða ofbeldismála er mikilvægt að starfsfólk taki ábendingum alvarlega og sé tilbúið að hlusta, aðstoða og benda á við hvaða aðila er hægt að tala.

Ábyrgð

Ef upp kemur einelti eða annað ofbeldi í skólanum eiga umsjónarkennari og skólastjórnendur að vinna að lausn málsins og hafa samband við foreldra. Leita skal aðstoðar eineltisteymis, skólasálfræðings og annars fagfólks eftir þörfum.

Annað starfsfólk, foreldrar og börn geta aðstoðað við lausn mála.

Vakni grunur um einelti eða ofbeldi á strax að láta skólastjórnendur, umsjónarkennara viðkomandi nemenda vita.

Skólastjóri ásamt umsjónarkennara nemanda sem orðið hefur fyrir einelti ber ábyrgð á að koma upplýsingum um málið til annarra kennara og starfsfólks sem málið varðar.

Starfsfólk sín á milli

Ef starfsmaður hefur orðið fyrir einelti, eða hefur vitneskju um einelti eða ótilhlýðilega

háttsemi á vinnustað, skal hann upplýsa atvinnurekanda, trúnaðarmann eða aðra fulltrúa vinnustaðarins um það svo hægt sé að greina vandann og bregðast við á viðeigandi hátt.

Mikilvægt er að grípa inn í sem fyrst svo að ágreiningsatriðum fjölgi ekki eða verði alvarlegri. Ekki er mest um vert að finna sökudólga, heldur viðurkenna vandamálin og leita uppbyggilegra leiða til úrbóta. Sjá nánar í starfsmannahandbók Mosfellsbæjar.

Kannanir og upplýsingar

Kanna skal líðan barna minnst árlega. Þetta er hægt að gera með einföldum spurningakönnunum sem hæfa aldri nemenda. Einstaklingsviðtöl og ritunarverkefni, þar sem nemendur eru fengnir til að skrifa um tilfinningar sínar og samskipti í skólanum koma líka til greina.

Foreldrar barna sem verða fyrir einelti eða öðru ofbeldi í skólanum fá upplýsingar um það eins fljótt og verða má ásamt upplýsingum um hvernig skólinn ætli að tryggja sem best öryggi barnsins.

Foreldrar gerenda fá einnig upplýsingar um gerðir barns síns og taki virkan þátt í því með skólanum að setja barninu skýr mörk og eigi kost á aðstoð og leiðbeiningum við hegðunarmótandi aðgerðir fyrir einstaklinginn.

Skráning

Skólastjórnendur ásamt umsjónakennara sjái um að upplýsingar um öll eineltis- og ofbeldismál sem upp koma séu skráð í gagnagrunn skólans. Þar komi fram lýsing á hvernig tekið var á málinu, hvernig það leystist og hverjir eiga að fylgja málinu eftir og fari yfir þau mál með nemendaverndaráði / eineltisteymi skólans.

Kennarar haldi eigin skrá um eineltis- og ofbeldismál sem upp koma hjá þeim, hvernig mál þróast og hvernig unnið er úr þeim.

Gæsla

Skólastjórnendur í samráði við starfsmenn bera ábyrgð gagnvart foreldrum á að gæsla sé góð í frímínútum, á göngum, á skólalóð, í búningsklefum og sturtum í íþróttahúsi. Hvað varðar gæslu í íþróttahúsi ber skólayfirvöldum að hafa samvinnu við starfsmenn íþróttahús og íþróttakennara eftir því sem við á.

Skólaleikvellingnum sé skipt í umsjónarsvæði og er æskilegt að tveir starfsmenn séu í útigæslu hverju sinni.

Viðbragsáætlun

Eineltismál eru mjög ólík innbyrðis og það sama má segja um ofbeldi sem upp getur komið í skólum. Þess vegna er ekki hægt að setja fram reglur um eitt ákveðið vinnuferli sem alltaf eigi að fara eftir. Þeir sem taka á málum (oftast umsjónarkennari, skólastjóri, eineltisteymi,) verða að veita og

meta hverju sinni hvaða leið sé líklegust til árangurs. Nokkrar meginreglur eiga alltaf við:

- Ef grunur um einelti (eða annað ofbeldi) kemur upp á að láta skólastjóra og eða umsjónarkennara nemenda vita, þeir eiga á að kanna málið og hafa samráð við sín á milli.
- Tryggja þarf öryggi þolanda og afla góðra upplýsinga um málið eins fljótt og hægt er. Ekki á að spyrja þolanda í viðurvist annarra barna og varast skal að gefa gerendum kost á að hópa sig saman í varnarstöðu.
- Þolandi og foreldrar hans eiga að fá stuðning. Polandinn á að fá að vita að eineltið sé ekki honum að kenna.
- Árangursríkast er að tala við gerendur einn og einn senn.
- Þegar talað er við gerendur á að gera þeim ljóst að þeir verði að hætta eineltinu. Sá sem ræðir við gerendur á að sýna þeir kurteisi, varast skammir en ganga út frá því að þeir bæti ráð sitt.
- Þegar foreldrar gerenda eru kallaðir til á að leggja áherslu á að ná góðu samstarfi við þá. Gera skal ráð fyrir að foreldrarnir vilji ekki að barn þeirra leggi aðra í einelti. Foreldrar eiga oft erfitt með að trúá að barn þeirra hagi sér þannig.
- Þegar nemandi leitar hjálpar vegna eineltis eða ofbeldis verður að koma í veg fyrir að hann verði fyrir hefndaraðgerðum frá gerendum.
- Fylgjast þarf með málsaðilum eftir að unnið hefur verið að lausn eineltismála til þess að sama sagan endurtaki sig ekki.
- Ef einelti er illviðráðanlegt getur þurft að láta gerenda skipta um umhverfi. Hafi einelti staðið lengi getur verið réttlætanlegt að þolandi skipti um umhverfi til þess að auðvelda honum að skipta um hlutverk. Ef ekkert annað dugar er einelti tilkynnt til barnaverndar og lögreglu. Skólastjóri tekur ákvörðun um slíkt ef einelti er á alvarlegu stigi.

Hvernig tekið er á ofbeldi

Ofbeldismál þar sem börn verða fyrir líkamlegum áverkum eða öðru ólöglegu athæfi í skólanum skulu alltaf tilkynnt viðkomandi foreldrum. Jafnframt áskilur skólinn sér allan rétt til að grípa til viðeigandi aðgerða gagnvart gerendum í slíkum málum. Skólinn mun einnig tilkynna þau mál er geta varðað hegningarlög til viðkomandi yfirvalda lögreglu og barnaverndar.

Ágreiningur um meðferð eineltis og ofbeldismála

Verði ágreiningur milli skólastjórnar og forráðamanna barna um meðferð mála sem ekki tekst að leysa getur hvor aðili um sig vísað málinu til Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar.